



## Fundargerð

1486. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12  
9. október 2024, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

1. Fjárhagsáætlun 2025-2028 (2024050440)  
Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.  
Umræður um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2025-2028.
2. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - ársreikningur 2023 (2024100072)  
Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.  
Lagt fram bréf til kynningar frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
3. Berghólabraut 3 - framlenging á afnotaleyfi á lóð (2023040518)  
Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.  
Tekin fyrir bókun umhverfis- og skipulagsráðs frá 4. október 2024 þar sem óskað er umsagnar bæjarráðs varðandi gjaldtöku á afnotum af landi við Berghólabraut 3.  
Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu.
4. Baugholtsróló - dagmæður (2024060191)  
Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.  
Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir að standsetja dagforeldraheimili á Baugholtsróló.  
Bæjarráð frestar erindinu þar sem grenndarkynningu er ekki lokið.
5. Mengunarhætta frá eldsumbrotum á vatnsverndarsvæði (2024010247)  
Lagt fram minnisblað frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, HS Veitum, HS Orku, Sveitarfélaginu Vogum, Umhverfisstofnun, Veðurstofunni og ÍSOR vegna mögulegrar mengunarhættu frá eldsumbrotum á vatnsverndarsvæðum.
6. Umsagnarmál í samráðsgátt (2024010258)

a. Drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, mál nr. S181/2024

<https://island.is/samradsgatt/mal/3820>

b. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á 44. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 (fjöldaflótti), mál nr. 199/2024

<https://island.is/samradsgatt/mal/3838>

Umsagnar mál lögð fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:05